



Skrifstofa stafrænna samskipta
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

9. ágúst 2021

Efni: Umsögn Ríkisútvarpsins um stefnuþrög – grænbók um fjarskipti

Í samráðsgátt stjórnvalda er nú til umsagnar drög að grænbók um fjarskipti – stöðumat og valkostir. Meðfylgjandi er umsögn Ríkisútvarpsins um framangreind drög.

Efstaleiti 1
150 Reykjavík

Gríðarleg tækniþróun hefur orðið á undanförunum árum og fyrirsjáanlegt að sú þróun muni halda áfram á næstu árum. Þessi þróun hefur m.a. falið í sér að öllu efni RÚV, hvort heldur sem það er framleitt fyrir sjónvarp eða útvarp, er dreift til almennings í gegnum tugi mismunandi leiða. Vægi nýrra dreifileiða með tilkomu og þróun netsins er sífellt að aukast, og sama á við um þróun og uppbyggingu dreifileiða í gegnum farsímakerfi sem og ljósleiðara.

Frekari þróun á þessu sviði mun hafa mikil áhrif á þróun og skipulag dreifikerfa RÚV. Mikilvægt er að í því samhengi að horfa til þess sem grundvallarréttinda að tryggja almenning greiðan og hagkvæman aðgang að netinu. Með því móti er til lengri framtíðar unnt að byggja upp og viðhalda öfluggu og hagkvæmu dreifikerfi fyrir efni sem framleitt er af RÚV fyrir almenning, þar á meðal með miðlun fréttar, upplýsinga, fræðslu og afþreyingarefnis. Slíkt aðgengi er einnig til þess fallið að jafna stöðu fólks í samfélaginu, tryggja aðgengi að stjórnsýslu og þjónustu á vegum hins opinbera og þátttöku í almennri umræðu.

Ríkisútvarpið vekur athygli á því að mikil óhagkvæmni fyrir landsmenn er falin í núverandi fyrirkomulagi dreifingar. Tilkostnaður RÚV við dreifingu er mikill, samningur um núverandi dreifikerfi rennur út 2028 og ljóst er að framtíðin er mjög óljós í dreifingarmálum. Verði af innleiðingu DAB+ í hljóðvarpi mun það til dæmis hafa í för með sér kostnaðarsamar breytingar. Það er að mati Ríkisútvarpsins nauðsynlegt að ræða dreifingarmál algerlega frá grunni og vill RÚV eiga gott samtal við ráðuneytið um þau mál.

+354 515 3000
sími

600307-0450
kt.

Ríkisútvarpið telur að taka þurfi öll dreifingarmál til endurskoðunar og samþætta þau inn í framtíðarstefnu í fjarskiptum. Ríkisútvarpið er mikilvægur hlekkur í öryggiskerfi landsins, en núverandi fyrirkomulag er þannig að það stendur sjálfstætt utan við önnur dreifikerfi, og samþætting og samnýting er ekki með þeim hætti sem gæti best nýst almenningi, væri kerfið algerlega hugsað frá grunni – eins og Ríkisútvarpið telur fulla þörf á.

Vel má hugsa sér að nýtt dreifikerfi sé byggt upp frá grunni, og það rekið af öðrum aðila en Ríkisútvarpinu, og fyrir fleiri aðila en bara RÚV. Hvaða tækni yrði fyrir valinu þarf að skoða vel, allsherjardreifing í gegnum netið er hugsanleg í



framtíðinni. Eins og staðan er í dag, meðan ekki er orðin full dekkun (99% +) á neti á þjóðvegum og hálendi er dreifikerfi RÚV mikilvægt til fyllinga.

2 / 2

Fjarskiptaöryggi

Í kafla 3.2.5 um fjarskiptaöryggi er nánast eins og tilvist dreifikerfis RÚV hafi gleymst. Samkvæmt samningi RÚV við mennta- og menningarmálaráðherra (gr. 8.) skal RÚV halda uppi opnu dreifikerfi sem nær til 99,8% landsmanna. Samkvæmt 7. gr. er RÚV mikilvægur hlekkur í öryggiskeðju landsins þegar vá ber að höndum. Sjá einnig í þessu samhengi 4. og 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu nr. 23/2013, þar sem fjallað er um dreifingu á efni Ríkisútvarpsins og hvernig Ríkisútvarpið skuli tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Umræðu um dreifkerfi RÚV og þátt RÚV í öryggiskerfinu vantar því alveg í grænbókina.

Í grænbókinni er kafli þar sem rætt er um að skilgreina þurfi viðbúnaðar-fjarskiptakerfi um allt land sem hægt er að grípa til ef fyrirliggjandi fjarskipta- eða raforkukerfi verða fyrir langvarandi rekstrartruflunum.

Í þessum kafla er ekkert minnst á RÚV. Vert er að geta þess í þessu samhengi að í gangi er vinna við stefnumörkun á öryggishlutverki RÚV, sjá 7. grein í þjónustusamningi RÚV við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þeirri vinnu á að ljúka fyrir áramót 2021.

Aðgengi

Ef grunntenging internetsins yrði gerð að almennum réttindum borgara á Íslandi gæti landið orðið í fararbroddi á alþjóðavísu.

RÚV leggur mikið upp úr aðgengsimálum fyrir alla markhópa og því styður RÚV heilshugar að óhindrað aðgengi að grunntengingum landsins sé tryggt. Samkvæmt þjónustusamningi RÚV og mennta- og menningarmálaráðherra ber RÚV að tryggja óheft aðgengi (án milligöngu þriðja aðila) að efni RÚV. Núverandi dreifikerfi er mjög kostnaðarsamt, ekki síst ef horft er til fjölda notenda á sjónvarpshluta kerfisins.

RÚV styður því tillögur sem ganga út á að tryggja almenningi óhindraðan aðgang að stofnunum og fjölmiðlum í gegnum netið, og telur framtíð dreifingar á Íslandi liggja í gegnum uppbyggingu netdreifingar.

Virðingarfyllst,

Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri.